



Deildarstjóri unglíngadeildar Grunnskólans í Þorlákshöfn

Við í Grunnskólanum í Þorlákshöfn leitum að deildarstjóra unglíngadeildar í 100% starf frá 1. ágúst 2026 um er að ræða afleysingu til eins skólaárs. Deildarstjóri er hluti af fjögurra manna stjórnendateymi og tekur þátt í daglegri stjórnun og faglegri forystu skólans.

Í skólanum eru um 290 nemendur og 70 starfsmenn. Unnið er eftir hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar, teymiskennslu og leiðsagnarmats, auk þátttöku í verkefnum eins og Grænfána og Heilsueflandi skóla.

Einkunnarorð skólans eru vinátta, virðing og velgengni. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans.

Helstu verkefni deildarstjóra:

- Veitir faglega forystu í skólastarfi og skólaþróun í samvinnu við stjórnendur og kennara.
- Tekur þátt í mótun og framkvæmd stefnu skólans.
- Heldur utan um kennsluþörf og stoðþjónustu nemenda í 8.–10. bekk.
- Stýrir nemendateyimum, valgreinum og nemendaráði í unglíngadeild.
- Stýrir stigsfundum og skipulagi í unglíngadeild.
- Annast önnur verkefni sem skólastjóri felur honum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla.
- Reynsla af kennslu á unglíngastigi og þróunarstarfi.
- Þekking á skólaþróun, m.a. Uppeldi til ábyrgðar, leiðsagnarnámi og innra mati.
- Góð hæfni í teymisvinnu, samskiptum og skipulagi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Frumkvæði, faglegur metnaður og áhugi á skólaþróun.
- Góð tækniþekking, reglusemi og stundvísi.

Umsókninni skal fylgja afrit af leyfisbréfi og greinargóð skýrsla/ferilskrá um fyrri störf umsækjanda, menntun, kennslu – og stjórnunarreynslu og þau verkefni sem viðkomandi hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni til að sinna starfi deildarstjóra. Þá skal fylgja umsókninni greinargerð um hugmyndir umsækjanda og sýn á starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands. Umsóknarfrestur er til og með 8. maí 2026.

Nánari upplýsingar veita: Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jóhanna Margrét, sviðstjóri Fjölskyldu- og fræðslusviðs olina@olfus.is / jmh@olfus.is

Umsóknnum er skilað í gegnum rafræna umsókn á heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss.